

## Ágæti skjólstaðingur!

Tilgangurinn með þessum bæklingi er að veita þér upplýsingar um sýnatökuna, undirbúning og eftirlit auk almennra upplýsinga.

Mörgum spurningum getur þó verið ósvarað og hvetjum við þig til að leita svara hjá starfsfólki deildarinnar.

Við óskum þér velfarnaðar  
Starfsfólk nýrnadeildar

## Símar

Landspítali - háskólasjúkrahús, skiptiborð  
sími: 543 1000

Hjarta- og nýrnadeild 14E/G  
á milli kl. 12:00-14:00 og 18:00-19:00  
sími: 543 6420

ÚTGEFANDI:  
LANDSPÍTALI- HÁSKÓLASJÚKRAHÚS  
LYFLÆKNINGASVIÐ I  
HJARTA- OG NÝRNADEILD 14E/G  
JÚNÍ 2005

HÖFUNDAR:  
GUÐBJÖRG JÓNSDÓTTIR  
OG HENNY HRAUNFJÖRD,  
HJÚKRUNARFRÆÐINGAR

HÖNNUN & LJÓSMYND:  
GAGNASMIÐJA/AV

# Nýrnaástunga

## Upplýsingarit



## Sýnataka úr nýra

Farið er með nál í gegnum húð og stungið í annað nýrnað og tekið vefjasýni úr því.

## Undirbúningur

Tekin eru blóðsýni til rannsóknar m.t.t. blæðitíma. Einnig þarf þvagsýni sem þú skilar að morgni sýnatökudags.

Hjúkrunarfræðingur ræðir við þig um sýnatökuna og mældur er blóðþrýstingur og púls.

Annað hvort leggstu inn kvöldið fyrir sýnatökuna eða kemur fastandi að morgni. Kvöldið fyrir þarftu að fara í sturtu og fasta þarf frá miðnætti á mat og drykk.

## Að morgni aðgerðardags

Settur er upp æðaleggur í aðra hvora hendi og gefin lyfjaforgjöf í samráði við sérfræðing.

## Framkvæmd ástungunnar

Sýnataka er gerð með staðdeyfingu og er ómsjá notuð til að fylgjast með, sýnataka tekur um eina klukkustund.

## Eftirmeðferð

Fasta þarf í 2 klst. eftir sýnatökuna en eftir það má borða allan mat.

Þú þarft að liggja á baki í 4 klukkustundir, með þrýsting á stungustað og vera rúmliggjandi í sólarhring. Mæla þarf reglulega blóðþrýsting og púls, fyrst í stað og fylgjast með stungustað og verkjum.

Mikilvægt er að þú látir vita ef breyting verður á líðan þinni.

Tekin eru blóðsýni að kvöldi sýnatökudags og morguninn eftir. Einnig þarftu að skila öðru þvagsýni næsta morgun.

## Útskrift

Yfirleitt getur fólk útskrifast næsta dag.

Nokka daga tekur að rannsaka nýrnasýnið og munt þú vera í sambandi við nýrnalækninn þinn til að fá niðurstöður.

Þú getur haft samband við nýrnalækni ef:

- verkur, hiti eða þroti eykst við stungustað
- þú finnur fyrir hita og slappleika

## Vinsamlegast athugið

Sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis. Verðmætum er hægt að koma í geymslu hjá starfsfólki deildarinnar.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundnir þagnarskyldu og mega því ekki ræða við þig eða aðra um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga á deildinni.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisgreinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.